



## 2. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2023 - 24 haldinn miðvikudaginn 26. október 2023 kl.11:45.

**Mætt voru:** Kristinn Þorsteinsson, skólameistari; Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður; Sara Dögg Svanhildardóttir, Frosti Logason; Elísabet Rós Birgisdóttir, fulltrúi foreldraráðs; Harpa Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara; Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari.

Dagskrá:

1. Fjármál skólans  
Farið var yfir fjármál skólans sem í samræmi við áætlanir.
2. Félagslíf nemenda  
Mikil ánægja kom fram með stjórn skólafélagsins. Hrekkjavökuvika stendur yfir, hinseginvika er fyrirhuguð auk fastra liða eins og salsaballs og árshátíðar o.fl.
3. Hinsegin félag skólans kynnir sig.  
Birna Sól Guðmundsdóttir og Ísak Helgi Jensson kynna sig og segja frá starfsemi Hinsegin félagsins í FG. Í stjórn félagsins eru sjö. Félagið hefur afdrep í skólanum milli kennslustunda og eftir skóla í stofu M106. Stjórn félagsins leggur áherslu á samveru og sýnileika. Félagið heldur úti alls kyns viðburðum eins og spila- og bíókvöldum. Þátttakendur á viðburðum eru að jafnaði á milli 30 og 40. Samstarf við aðra skóla er vaxandi og má þar aðallega nefna Tækniskólann og MH. Samstarf við NFFG hefur verið mjög gott í vetur.
4. Önnur mál
  - Spurt um stöðu vegna bloggskrifum kennara við skólann. Skólameistari fór yfir málið og segir það í farvegi. Skólanefnd telur viðbrögð skólameistara hafa verið góð í viðkvæmu máli.
  - Næsti fundur fyrirhugaður um miðjan desember.

Fundargögn:

- Fjármál eftir sept 2023

Fundi slitið kl. 12:50

Fundarritari

Anna María Gunnarsdóttir